
Tryggingarbréf – veðsamningur

BUNDIÐ VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS TIL VERÐTRYGGINGAR

Í TENGLUM VIÐ

SKULDABRÉFAÚTGÁFU HEIMAVALLA HF.

milli

Heimavalla hf. (sem útgefanda og veðsala)

**Heimavalla XIII ehf., Heimavalla XIV ehf., Heimavalla VI ehf., og Heimavalla
XVIII ehf. (sem veðsala),**

og

LEX ehf. (sem veðgæsluaðila)

12. desember 2018



Aðilar að þessu tryggingarbréfi – veðsamningi („tryggingarbréfið“) eru:

- (1) Helmavellir hf. kt. 440315-1190, Lágmúla 6, 108 Reykjavík („útgefandi“ og/eða „veðsali“);
- (2) Helmavellir XIII ehf., kt. 551107-2800, Helmavellir XIV ehf., 480114-1080, Helmavellir VI ehf., 681212-2480, Helmavellir XVIII ehf., kt. 541015-1590, öll til heimilis að Lágmúla 6, 108 Reykjavík (hver þeirra „veðsali“ og sameiginlega með útgefanda „veðsalar“); og
- (3) LEX ehf., kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, í hlutverki sínu sem veðgæsluaðili f.h. og í umboði veðhafa (skilgreint í grein 1.1) („veðgæsluaðili“) á grundvelli veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins (skilgreint í grein 1.1).

INNGANGUR:

- (A) Tryggingarbréf þetta er gert í tengslum við tryggingafyrirkomulagið sem sett er upp í tengslum við útgáfu skuldabréfa (skilgreind í grein 1.1), eins og nánar er lýst í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu (skilgreint í (B) hér að neðan) og viðaukum við það.
- (B) Í veðhafa- og veðgæslusamkomulagi, dags. 12. desember 2018, milli útgefanda, veðsala, veðgæsluaðila og veðhafa („veðhafa- og veðgæslusamkomulagið“) er öllum veðhöfum veittar sömu veðtryggingar og jafnan rétt að veðtryggingum sem útgefandi og veðsalar kunna að velta hverju sinni.
- (C) Með tryggingarbréfinu setja veðsalar tilgreindar fasteignir að veði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum (skilgreindar í grein 1.1), eftir því sem nánar er lýst í tryggingarbréfinu.
- (D) Óháðir aðilar, veðgæsluaðili og staðfestingaraðili, eru skipaðir til að fylgjast með því að allar breytingar sem gerðar eru á veðtryggingum, annað hvort með því að gera breytingar á veðsettum eignum eða bæta við skuldbindingum sem veðinu er ætlað að tryggja séu í samræmi við ákvæði tryggingarbréfsins og veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.

1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN

1.1 Í tryggingarbréfinu hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem þeim er gefin hér á eftir:

„Langtíma flokkur“ merkir flokk skuldabréfa útgefanda með auðkenninu HEIMA071248, ISIN IS0000030807, sem er til 30 ára og gefin er út í 20.000.000 króna nafnverðseiningum. Við fyrstu útgáfu skuldabréfa undir þessum flokki eru gefin út skuldabréf að nafnvirði 2.300.000.000 krónur en heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki er 7.000.000.000 króna. Nánari lýsingu á skuldabréfaflokknum er að finna í útgáfulýsingu langtíma flokks.

„Skammtíma flokkur“ merkir flokk skuldabréfa útgefanda með auðkenninu HEIMA071225, ISIN IS0000030799, sem er til 7 ára og gefin er út í 20.000.000 króna nafnverðseiningum. Við fyrstu útgáfu skuldabréfa undir þessum flokki eru gefin út skuldabréf að nafnvirði 880.000.000 krónur en heildarheimild til útgáfu skuldabréfa í þessum flokki er 5.000.000.000 króna. Nánari lýsingu á skuldabréfaflokknum er að finna í útgáfulýsingu skammtíma flokks.

„Skuldabréf“ merkir eftir atvikum skuldabréf útgefin í langtíma flokki og/eða skuldabréf útgefin í skammtíma flokki.

„Útgáfulýsing langtíma flokks“ merkir útgáfulýsingu útgefanda fyrir rafræna útgáfu skuldabréfa að fjárhæð allt að 7.000.000.000 króna hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf., dags. 12. desember 2018, fyrir skuldabréf með lokagjalddaga að 30 árum liðnum frá útgáfu.



„Útgáfulýsing skammtíma flokks“ merkir útgáfulýsingu útgefanda fyrir rafræna útgáfu skuldabréfa að fjárhæð allt að 5.000.000.000 króna hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., dags. 12. desember 2018, fyrir skuldabréf með lokagjalddaga að 7 árum liðnum frá útgáfu.

„Veðhafar“ merkir eigendur veðtryggðra krafna, sem falla undir tryggingafyrirkomulagið, samkvæmt aðildaryfirlýsingu að veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu, sem umboðsmaður kröfuhafa hefur undirritað fyrir þeirra hönd.

„Veðtryggð skuldabréf“ merkir skuldabréf sem umboðsmaður kröfuhafa hefur skilað aðildaryfirlýsingu fyrir í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.

„Veðtryggðar kröfur“ merkir allar skuldir og fjárskuldbindingar (í hvaða gjaldmiðli sem er), nú eða síðar, samkvæmt veðtryggðum skuldabréfum, hvað nafni sem nefnast, og hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti, dráttarvexti, verðbætur, lögbundin vanskilaálög, kostnað við kröfugerð, innhelmtu- og málskostnað af fullnustugerðum eða annan tengdan kostnað.

- 1.2 Skilgreind hugtök í veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu skulu hafa sömu merkingu tryggingarbréfinu nema annað sé tekið fram eða bersýnilega ljóst af samhengi.
- 1.3 Tilvísanir til löggjafar skulu taldar fela í sér tilvísanir til þeirrar löggjafar eins og henni kann að hafa verið breytt og reglna sem kunna að hafa verið settar með stoð í síkri löggjöf.
- 1.4 Tilvísanir til sérhvers aðila skulu (þar sem við á) vera álitnar tilvísanir til eða eiga við um þá sem með lögmætum hætti hafa tekið verið réttindum og/eða skyldu af þeim.

2. VEÐTRYGGING - FASTEIGNAVEÐ

- 2.1 Með undirritun sinni á tryggingarbréfið setja veðsalar þær fasteignir sem tilgreindar eru á hverjum tíma í fylgiskjali I við tryggingarbréfið, að veði til handa veðhöfum með þeim veðrétti sem tilgreindur er í fylgiskjali I, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu hinna veðtryggðu krafna að fjárhæð allt að kr. 18.500.000.000 (krónur átján milljarðar og fimmhundruð milljónir) („fjárhæðin“), auk vaxta, dráttarvaxta og verðbóta.
- 2.2 Veðgæsluaðili, eða sá sem tekur við réttindum og skyldum hans með lögmætum hætti, fer með öll réttindi veðhafa samkvæmt tryggingarbréfinu og kemur fram fyrir hönd veðhafa í tengslum við réttindi og skyldur samkvæmt tryggingarbréfinu en veðhöfum er óheimilt að leita fullnustu krafna sinna á grundvelli tryggingarbréfsins án aðkomu veðgæsluaðila.
- 2.3 Hver aðili að tryggingarbréfinu samþykkir að hver og einn veðhafanna, eins og þeir eru á hverjum tíma, skuli njóta réttinda samkvæmt tryggingarbréfinu.
- 2.4 Fjárhæðin er bundin vísitölu neysliverðs til veðtryggingar miðað við grunnvísitölu fyrir desember 2018, eða 459,9867 stig, og tekur breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu miðað við grunnvísitölu. Aldrei skal þó miða við lægri vísitölu en grunnvísitölu tryggingarbréfsins.
- 2.5 Sérhver fasteign er veðsett ásamt öllu því sem henni fylgir og fylgja ber, allt eins og viðkomandi fasteign verður frekast veðsett samkvæmt 15. – 20. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð og í því ástandi sem hún er í nú eða kann síðar að verða, með hverskyns endurbótum og viðbótum, hverju nafni sem nefnast.
- 2.6 Veðréttur í eignarhluta í fjölbýlishúsi nær til þeirrar einingar sem veðsali á eignarrétt að, þ.e. séreignar hans og tilheyrandi hlutdeildar í sameign, þ.m.t. lóðarréttindi, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1997 og 11. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

- 2.7 Veðsölum er heimilt að hagnýta sjálfsvörsluveð með venjubundnum hætti, nema um annað hafi verið samið, sbr. 7. gr. laga nr. 75/1997.
- 2.8 Veðsölum er óheimilt að veðsetja réttindi sín skv. leigusamningum um veðsettar fasteignir.
- 2.9 Veðsölum er skylt að váttryggja veðsettar fasteignir gegn tjóni af völdum eldsvoða, auk hverskyns öðrum hættum sem er váttryggt fyrir í starfsemi svipaðri þeirri sem veðsalar hafa með höndum. Falla allar váttryggingarbætur undir veðsetninguna. Váttryggingar skulu keyptar hjá viðurkenndum tryggingarfélagum og skulu veðsalar greiða öll iðgjöld á gjalddaga og gera hverjar þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að þær váttryggingar sem teknar hafa verið haldist í fullu gildi. Veðsalar skuldbinda sig til að láta veðgæsluaðila í té, hvenær sem hann krefst, skilríki fyrir því að hinar veðsettu fasteignir séu váttryggðar, eða er veðgæsluaðila heimilt en þó ekki skylt að váttryggja viðkomandi fasteignir á kostnað veðsala.
- 2.10 Veðsölum er ennfremur skylt á hverjum tíma að fullnægja öllum lögbundnum kröfum, þ.m.t. öryggis- og eftirlitskröfum, varðandi hinar veðsettu fasteignir.

3. UMBOÐ TIL VEÐGÆSLUAÐILA

- 3.1 Sérhver veðsali veitir veðgæsluaðila fullt og ótakmarkað umboð til að:
- (a) Framkvæma hverja þá skyldu sem veðsali hefur undirgengist skv. tryggingarbréfinu en hefur ekki framkvæmt, þrátt fyrir áskorun veðgæsluaðila.
 - (b) Framkvæma allt það sem nauðsynlegt er í tengslum við fullnustu veðsins skv. gr. 7 og veðsali sinnir ekki, þrátt fyrir áskorun veðgæsluaðila, þ.m.t. að undirrita öll skjöl f.h. veðsala í tengslum við framsal á hinu veðsetta.
- 3.2 Umboð það sem veðgæsluaðila er veitt skv. tryggingarbréfinu og þau réttindi sem honum eru fengin eru eingöngu til að vernda hagsmuni veðhafa og veðgæsluaðili er aldrei skuldbundinn gagnvart útgefanda eða veðsala til að nýta umboðið eða réttindin.
- 3.3 Þótt að veðgæsluaðili nýti umboðið eða réttindi skv. tryggingarbréfinu þá leysir það ekki veðsala eða útgefanda undan skyldum sínum eða skuldbindingum skv. tryggingarbréfinu, veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu eða skuldabréfum.
- 3.4 Veðgæsluaðili er þó ávallt ábyrgur fyrir þeim fjármunum sem hann raunverulega móttækur sem veðgæsluaðili.

4. FRAMSAL Á RÉTTINDUM VEÐGÆSLUAÐILA

- 4.1 Veðgæsluaðila skal heimilt að framselja öll réttindi sín og skyldu skv. tryggingarbréfinu til nýs veðgæsluaðila sem skipaður er í samræmi við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið.
- 4.2 Ef skipt er um veðgæsluaðila í samræmi við framangreint þá skulu útgefandi og sérhver veðsali, skv. beiðni veðgæsluaðila, undirrita öll nauðsynleg skjöl og framkvæma allt það sem nauðsynlegt er eða eðlilegt í tengslum við aðilaskiptin.
- 4.3 Þá skal veðgæsluaðila jafnframt heimilt að fela öðrum aðila, með skriflegu umboði, að fara með í heild eða hluta, þær heimildir og réttindi sem veðgæsluaðila eru fengin með tryggingarbréfinu.



5. SÉRSTAKAR SKYLDUR VEÐSALA

- 5.1 Sérhver veðsali skal skv. beiðni veðgæsluaðila undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem með sanngirni má ætlast til að:
- (a) Tryggingarbréf þetta veiti veðgæsluaðila, f.h. veðhafa, þau réttindi sem kveðið er á um í tryggingarbréfinu.
 - (b) Veðgæsluaðili geti, f.h. veðhafa, nýtt réttindi skv. tryggingarbréfinu, þar með talið í tengslum við fullnustu veðsins.
- 5.2 Komi til fullnustu veðsins þá skuldbindur sérhver veðsali sig til að undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem veðgæsluaðili með sanngirni óskar eftir í tengslum við fullnustuna, s.s. vegna afsals eða framsals.
- 5.3 Samþykki veðgæsluaðila á grundvelli veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins að gerðar séu breytingar á hinu veðsettu eignum, skuldbindur sérhver veðsali sig til að undirrita öll þau skjöl og gera allar þær ráðstafanir sem veðgæsluaðili óskar eftir í tengslum við breytingarnar.
- 5.4 Veðsali skal greiða öll opinber gjöld, þ.m.t. stimpil- og þinglýsingagjöld og allan kostnað sem kann að falla til vegna tryggingarbréfsins, breytingu á því eða fullnustu á grundvelli þess.

6. BREYTINGAR Á HINU VEÐSETTA

- 6.1 Útgefandi hefur heimild til að óska eftir því við veðgæsluaðila að breytingar séu gerðar á hinum veðsettu eignum, með því að tilteknar eignir séu leystar úr veðböndum og/eða viðbótareignir veðsettar. Veðgæsluaðili skal verða við slíkri ósk, enda séu slíkar breytingar í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.
- 6.2 Útgefanda er jafnframt heimilt að bæta nýjum skuldbindingum við þær skuldir sem þegar eru tryggðar með tryggingarbréfinu, enda sé slíkt í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.
- 6.3 Samþykki veðgæsluaðili beiðni veðsala um breytingar skv. þessari grein í samræmi við veðhafa- og veðgæslusamkomulagið, þá skulu veðsalar undirrita öll skjöl sem veðgæsluaðili óskar eftir í tengslum við breytingarnar.
- 6.4 Þeir aðilar sem undirrita skjöl, f.h. veðsala, samkvæmt framangreindu skulu afhenda veðgæsluaðila sönnun fyrir umboði sínu á formi og að efni sem veðgæsluaðili samþykkir.

7. FULLNUSTA VEÐSINS

- 7.1 Hafi veðtryggð krafa verið gjaldfelld og ákvörðun tekin um að ganga að veðinu í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins, skal veðgæsluaðila, f.h. veðhafa, vera heimilt að:
- (a) Láta selja hið veðsetta nauðungarsölu fyrir útistandandi veðtryggðum kröfum, án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, sbr. 2. töl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu.
 - (b) Selja hið veðsetta í almennri sölu fyrir útistandandi veðtryggðum kröfum. Skal hann þó ávallt leitast við að fá sem hæst verð fyrir hið veðsetta á þeim tíma sem það er selt.
 - (c) Leysa til sín hið veðsetta á eðlilegu og sanngjörnu markaðsvirði.



7.2 Veðgæsluaðila skal ávallt haga fullnustuaðgerðum í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins og með hagsmuni veðhafa að leiðarljósi. Þá skal veðgæsluaðili sinna fullnustuaðgerðum innan eðlilegra tímamarka.

8. RÁÐSTÖFUN ANDVIRÐIS

8.1 Komi til fullnustu veðsins skal veðgæsluaðili ráðstafa öllum fjármunum sem hann móttækur til greiðslu á hinum veðtryggðu kröfum í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.

9. SKILYRÐISLAUS RÉTTINDI

9.1 Umboð það sem veðgæsluaðila er veitt samkvæmt tryggingarbréfinu og þau réttindi sem honum eru fengin á grundvelli þess eru skilyrðislaus og verða aðeins afturkölluð í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.

10. TAKMARKANIR Á HEIMILDUM VEÐSALA

10.1 Veðsölum skal vera óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur samkvæmt tryggingarbréfinu nema fyrir liggja skriflegt samþykki veðgæsluaðila.

10.2 Veðsölum skal óheimilt að selja, veðsetja eða leggja hvers kyns kvaðir á hinar veðsettu eignir nema með samþykki veðgæsluaðila.

10.3 Þrátt fyrir framangreint má veðsali framselja veðsettar eignir til félaga sem eru innan samstæðu útgefanda, að uppfylltu því skilyrði að samhliða framsalinu þá gerist framsalshafi aðili að veðhafa- og veðgæslusamkomulaginu og tryggingarbréfinu sem veðsali og undirriti öll skjöl því tengdu á því formi og að efni sem er ásættanlegt að mati veðgæsluaðila.

11. TILKYNNINGAR

11.1 Öll samskipti og allar tilkynningar skulu sendar í samræmi við ákvæði veðhafa- og veðgæslusamkomulagsins.

12. GILDISTÍMI OG VEÐBANDSLAUSN

12.1 Hið veðsetta skal standa til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu hinna veðtryggðu krafna þar til að þær hafa allar verið greiddar að fullu með óafturkræfum og skilyrðislausum hætti.

12.2 Þegar hinar veðtryggðu kröfur hafa verið greiddar að fullu, skv. framangreindu, skal veðgæsluaðili, að beiðni og á kostnað veðsala, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fella niður þau veð sem veitt hafa verið á grundvelli tryggingarbréfsins.

13. LÖG OG VARNARÞING

13.1 Um tryggingarbréfið gilda íslensk lög.

13.2 Rísi mál út af tryggingarbréfinu, skulu aðilar leitast við að leysa ágreining með samkomulagi sín á milli, en náist ekki að leysa úr ágreiningi með samkomulagi skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



14. ANNAD

- 14.1 Allar breytingar sem gerðar eru á tryggingarbréfinu skulu vera skriflegar og samþykktar af veðhöfum og veðgæsluaðila, að fengnu samþykki veðhafafundar skv. veðhafa- og veðgæslu-samkomulaginu.
- 14.2 Tryggingarbréfið er gefið út í 2 samritum til þinglýsingar hjá Sýslumanninum á Suðurnesjum.
- 14.3 Öllu framanrituðu til staðfestu undirrita aðilar tryggingarbréfið. Tryggingarbréfið skal birt á heimasíðu útgefanda til upplýsingar fyrir veðhafa.

[undirritunarsíða fylgir]




Reykjavík 12. desember 2018

F.h. Heimavalla hf.


Guðbrandur Sigurðsson
Kt. 020561-8239


Sá sem undirritar tryggingarbréf þetta fyrir hönd útgefanda ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda útgefanda.

F.h. LEX ehf., sem veðgæsluaðili


Ólafur Páraldsson 190966-2919
Kt. 02077-6586


Sá sem undirritar tryggingarbréf þetta fyrir hönd veðgæsluaðila ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda veðgæsluaðila.

F.h. Heimavalla XIII ehf., sem veðsala


Guðbrandur Sigurðsson
Kt. 020561-8239

Sá sem undirritar tryggingarbréf þetta fyrir hönd veðsala ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda veðsala.

F.h. Heimavalla XIV ehf., sem veðsala


Guðbrandur Sigurðsson
Kt. 020561-8239


Sá sem undirritar tryggingarbréf þetta fyrir hönd veðsala ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda veðsala.

F.h. Heimavalla VI ehf., sem veðsala


Guðbrandur Sigurðsson
Kt. 020561-8239

Sá sem undirritar tryggingarbréf þetta fyrir hönd veðsala ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda veðsala.

F.h. Heimavalla XVIII ehf., sem veðsala


Guðbrandur Sigurðsson
Kt. 020561-8239

Sá sem undirritar tryggingarbréf þetta fyrir hönd veðsala ábyrgist og staðfestir að hann hafi heimild í samræmi við lög og reglur og samþykktir félagsins til að skuldbinda veðsala.

Vottar að rétttri dags. og undirritun:


Erlendur Kristjánsson hdl.

Kt. 230284-8179

VIÐAUKI I

- Upplýsingar um veðsettar fasteignir -

Skógarbraut 1101, Reykjanesbæ

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308606
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	9.780.418	Íbúðalánasóður
2.	1.764.308	Íbúðalánasóður
		Útgáfudagur:

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308605
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.938.502	Íbúðalánasóður
2.	1.612.600	Íbúðalánasóður
		Útgáfudagur:

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308604
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.650.071	Íbúðalánasóður
2.	1.560.631	Íbúðalánasóður
		Útgáfudagur:

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308603
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.615.294	Íbúðalánasóður
2.	1.554.284	Íbúðalánasóður
		Útgáfudagur:

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308602
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.603.122	Íbúðalánasóður
2.	1.552.170	Íbúðalánasóður
		Útgáfudagur:

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
4.	Skógarbraut 1101	2308601
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	9.754.334	Íbúðalánasóður
2.	1.000.000	Íbúðalánasóður
3.	1.759.605	Íbúðalánasóður
		Útgáfudagur:

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308600
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	9.776.939	Íbúðalánasjóður
2.	1.763.676	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
2.	Skógarbraut 1101	2308599
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	14.400.000	Þróunarfélag Keflavíkurflug ehf.
		Útgáfudagur:
		19.12.2017

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308598
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.645.724	Íbúðalánasjóður
2.	1.559.849	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308597
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.969.014	Íbúðalánasjóður
2.	1.618.097	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308596
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.960.237	Íbúðalánasjóður
2.	1.616.517	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
4.	Skógarbraut 1101	2308595
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	9.802.152	Íbúðalánasjóður
2.	1.400.000	Íbúðalánasjóður
3.	1.768.223	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		16.09.2013
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
4.	Skógarbraut 1101	2308594
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	10.143.757	Íbúðalánasjóður
2.	1.000.000	Íbúðalánasjóður
3.	1.829.774	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		16.09.2013
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1101	2308593
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.646.594	Íbúðalánasjóður
2.	1.559.916	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
4.	Skógarbraut 1101	2308592
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.637.899	Íbúðalánasjóður
2.	375.351	Íbúðalánasjóður
3.	1.558.435	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		25.02.2013
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
4.	Skógarbraut 1101	2308591
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	9.776.939	Íbúðalánasjóður
2.	1.500.000	Íbúðalánasjóður
3.	1.763.676	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		29.12.2009
		25.02.2013
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
2.	Skógarbraut 1101	236-5140
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	211.000.000	Landsbankinn hf.
		Útgáfudagur:
		19.12.2017

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
2.	Skógarbraut 1101	236-5141
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	211.000.000	Landsbankinn hf.
		Útgáfudagur:
		19.12.2017



Skógarbraut 1102, Reykjaneshæð

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
2.	Skógarbraut 1102	2308622
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	14.500.000	Þróunarfélag Keflavíkurflug ehf.
		Útgáfudagur: 19.12.2017

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
2.	Skógarbraut 1102	2308621
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	14.600.000	Þróunarfélag Keflavíkurflug ehf.
		Útgáfudagur: 19.12.2017
3.	Skógarbraut 1102	2308620
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.796.677	Íbúðalánasjóður
2.	15.87.052	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur: 29.12.2009
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308619
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.438.512	Íbúðalánasjóður
2.	1.522.523	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur: 29.12.2009
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
2.	Skógarbraut 1102	2308618
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	14.500.000	Þróunarfélag Keflavíkurflug ehf.
		Útgáfudagur: 19.12.2017

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308617
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	9.554.217	Íbúðalánasjóður
2.	1.723.552	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur: 29.12.2009
		16.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308616
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.473.625	Íbúðalánasjóður
2.	1.528.837	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur: 29.12.2009
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308615
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
		Útgáfudagur:

1.	8.447.932	Íbúðalánasjóður	29.12.2009
2.	1.524.128	Íbúðalánasjóður	19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
2.	Skógarbraut 1102	2308614
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	14.500.000	Próunarfélag Keflavíkurflug ehf.
		Útgáfudagur:
		19.12.2017

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308613
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.486.471	Íbúðalánasjóður
2.	1.531.148	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308612
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.802.196	Íbúðalánasjóður
2.	1.588.044	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
2.	Skógarbraut 1102	2308611
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	15.200.000	Próunarfélag Keflavíkurflug ehf.
		Útgáfudagur:
		19.12.2017

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308610
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.473.625	Íbúðalánasjóður
2.	1.528.837	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308609
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.793.251	Íbúðalánasjóður
2.	1.586.344	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
3.	Skógarbraut 1102	2308608
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:
1.	8.788.084	Íbúðalánasjóður
2.	1.585.502	Íbúðalánasjóður
		Útgáfudagur:
		19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:
4.	Skógarbraut 1102	2308607

ES

Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:	útgáfudagur:
1.	9.966.003	Íbúðalánasjóður	29.12.2009
2.	1.100.000	Íbúðalánasjóður	16.09.2013
3.	1.797.745	Íbúðalánasjóður	19.06.2015

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:	
2.	Skógarbraut 1102	236-5142	
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:	útgáfudagur:
1.	211.000.000	Landsbankinn hf.	19.12.2017

Veðréttur:	Veð:	Fastanúmer:	
2.	Skógarbraut 1102	236-5143	
Uppfærsluréttur á eftir veðrétti	Upphaflegur höfuðstóll:	Veðhafi:	útgáfudagur:
1.	211.000.000	Landsbankinn hf.	19.12.2017